

55
3. febr.

2. gr.

Með tilskipun þessari er úr gildi feld 7. gr. laga nr. 49, 30. nóvember 1914. Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 3. febrúar 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

56

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láanborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að allgóður markaður fáist nú erlendis fyrir íslensk hross, en hinsvegar allmikið til af útflutningshrossum í landinu, sem landsmönnum yrði hagur í að losna við, í stað þess að bíða með sölu þeirra til næsta árs og eiga á hættu, að markaðurinn spillist, enda muni gott að losna við hrossin af fóðrum, þar sem heyskapartíð hefir verið mjög vond síðastliðið sumar á Norður- og Austurlandi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita þá undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907, að

flytja megi út hross til sölu á erlendum markaði í nóvember- og desembermánuði **56**
1923. 21. nóv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 21. nóvember 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

OPIÐ BRJEF,

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1924.

57
3. des.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 18. gr. í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1924.

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amalúborg, 3. desbr. 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.